

Ragnildur Jónsdóttir fræðslustjóri
Fræðslu- og tómstundanevnd Hornafjarðar

6. fundur Skólaráðs Grunnskóla Hornafjarðar haldinn 7. maí kemur hér með eftirfarandi ályktun til fræðslustjóra og fræðslu- og tómstundanevndar í tengslum við umræðu um húsnæðismál grunnskólans.

Ályktun til fræðslu- og tómstundanevndar
um húsnæðismál Grunnskóla Hornafjarðar

Mikilvægt er að hafa stefnu um hvernig skólahúsnæði á að þróast svo hægt sé að byggja það markvisst upp en ekki setja plástra hér og þar þegar upp koma mál eins og er að gerast núna í Kátakoti. Við gætum verið að sigla inn í tíma þar sem bekkjarstærðir eru fremur óhagstæðar bæði er varðar skiptingu í bekki og húsnæði. Í Hafnarskóla rúma fæstar stofur orðið þær bekkjarstærðir sem eru í flestum árgöngum. Enginn salur tilheyrir skólanum sem hamlar starfinu á ýmsan hátt. Í matsalnum í Hafnarskóla bergmálar gríðarlega en þar fyrir utan er hann undirlagður fyrir mat allan daginn og ekki hægt að nota hann til annars. Í sumar verður farið í bráðabirgðar endurbætur á heimilsfræðistofu í Heppuskóla sem hefur verið á undanþágu í mörg ár. En framtíðarskipulag þess húsnæðis liggur ekki fyrir og því verður einungis um bráðabirgðar endurbætur að ræða. Vonandi á svo eftir að fjölga í sveitarfélaginu þannig að það verði aftur tvær bekkjarstærðir í hverjum árgang og þá er skólinn hreinlega orðinn of lítill.

Auk þess var það niðurstaða skólaráðs að hvort sem farið yrði í samráð við Sindra eða ekki þá þyrfti að bæta við núverandi húsnæði Kátakots.